



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

Fundargerð

Fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, þriðjudaginn 27. júní 2006 kl. 17⁰⁰.

266. fundur, 11. fundur ársins.

Fundargerð tölvuskráð af sveitarstjóra.

Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna. Óskað er heimildar til breytinga á boðaðri dagskrá og er það samhljóða samþykkt.

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Samningar um lóðarleigu vegna sumarhúsa í landi Hæðargarðs í Skaftárhreppi. Lóðarleigusamningar um lóðir L8 og K4 í landi Hæðargarðs, dags. 21. júní 2006. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við samningana.

2. Starfsmannamál.

Oddviti og varaoddviti gerðu grein fyrir viðtölum sem þeir áttu við umsækjendur um starf sveitarstjóra. Oddvita og varaoddvita falið að ganga frá ráðningu nýs sveitarstjóra í samræmi við umræður á fundinum.

3. Bréf frá stýrihópi verkefnisins “Allt hefur áhrif, einkum við sjálf”, uppgjör vegna fundastarfa, dags. 14. júní 2006.

Í bréfinu kemur fram ósk um greiðslur fyrir fundarsetu í tengslum við verkefnið.

Sveitarstjórn þakkar stýrihópi verkefnisins, sem unnið er í samstarfi við Lýðheilsustöð, áhugavert verk.

Hefð hefur verið fyrir því hjá sveitarfélaginu að greiða eingöngu kjörnum nefndarmönnum laun fyrir nefndastörf og hefur starfsfólk sveitarfélagsins ekki fengið greidd laun fyrir setu á fundum nefnda, nema það sitji þá sem kjörnir fulltrúar.

Sveitarstjórn sér ekki færi á að verða við ósk nefndarinnar.

4. Bréf frá Arnari Páli Gíslasyni og Elvu Dögg Valsdóttur, fjallakofar á Skaftártunguafrétti, dags. 6. júní 2006, vísað til nýrrar sveitarstjórnar á sveitarstjórnarfundi 8. júní 2006.

Í bréfinu er kauptilboð í gangnamannahús í eigu Skaftárhrepps á Skaftártunguafrétti. Jafnframt tiltaka bréfitarar að þeir telji að leigusamningar milli Skaftárhrepps og Ferðafélagsins Útivistar um húsin séu lausir.

Leigusamningur milli Skaftárhrepps og Ferðafélagsins Útivistar um gangnamannahúsið við Skælinga var undirritaður árið 1998 og er til 20 ára.

Sveitarstjórn lítur svo á að samhljóða munnlegir samningar séu í gildi um gangnamannahúsin við Sveinstind og Álftavötn. Samkvæmt

endurskoðunarákvæðum í samningunum sendi fráfarandi sveitarstjórn drög að



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

breytingum á þessum samningum til hagsmunaaðila á Skaftártunguafrétti og óskaði eftir athugasemdum. Þær athugasemdir hafa borist og vinnur nú ný sveitarstjórn að áframhaldi málsins.

Sveitarstjórn þakkar sýndan áhuga en sér ekki færi á að verða við innsendu tilboði eða fjalla um sölu húsanna fyrr en endurskoðun leigusamninganna er að fullu lokið.

5. Framkvæmd og fjármögnun íþróttamiðstöðvar.

Sveitarstjórn samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 50.000.000 kr. til 16 ára, í samræmi við skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna fjárfestingu við þjónustuhús og sundlaug íþróttamiðstöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004.

Jafnframt er Gunnsteini R. Ómarssyni, sveitarstjóra, kt. 110870-4939, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skaftárhrepps, kt. 480690-2069, að undirrita lánsamning eða skuldabréf við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykktin felur í sér heimild til lántöku allt að 50 mkr. á næstu 12 mánuðum eftir undirritun samnings. Í þessum áfanga framkvæmdarinnar verður óskað eftir greiðslu að fjárhæð 20 mkr.

6. Fjármál.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir lausafjárstöðu og lagði fram 5 mánaða milliuppgjör sveitarstöðu, yfirfarið af endurskoðanda sveitarfélagsins. Ýmsar forsendubreytingar hafa orðið í rekstrinum og stefnt er að endurskoðun áætlunar á næstu 2-3 mánuðum.

7. Bréf frá Kirkjubæjarstofu, varðar “Eldmessuverkefnið”, dags. 27. júní 2006.

Í bréfinu kemur fram að stjórn Kirkjubæjarstofu telur nauðsynlegt að sveitarstjórn fjalli um málið og marki sem allra fyrst stefnu um framhald þess.

Sveitarstjórn tilnefnir Odd B. Thorarensen, frá Atvinnumálanefnd, Þórunni Júlíusdóttur, formann Menningarmálanefndar og sveitarstjóra í starfshóp til að vinna hugmyndafræði að varanlegri jarðeldasýningu á Kirkjubæjarklaustri. Starfshópnum er ætlað að vinna í samstarfi við starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og stjórn Kirkjubæjarstofu.



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 78. fundur félagsmálanefndar, dags. 21. júní 2006.

Fundargerðin samþykkt.

2. 98. fundur fræðslunefndar, dags. 21. júní 2006.

Á fundinum voru teknar fyrir umsóknir um skólastjórástöðu við Kirkjubæjarskóla. Tvær umsóknir bárust og bókaði Fræðslunefnd m.a. eftirfarandi: *“Fræðslunefnd þakkar báðum umsækjendum umsóknir þeirra. Nefndin telur að báðum umsækjendum sé treystandi og séu hæfir til starfsins. Guðmundur Óli hefur meðal annars sýnt það með farsælu starfi sínu við Kirkjubæjarskóla til margra ára. Stella hefur gegnt stöðu skólastjóra við Kirkjubæjarskóla undangengin þrjú ár og hefur aflað sér menntunar á sviði skólastjórnunar, við Kennaraháskóla Íslands.*

Fræðslunefnd, á grundvelli menntunar og stjórnunarreynslu umsækjenda, gerir tillögu til sveitarstjórnar að Stella Kristjánsdóttir verði ráðin skólastjóri Kirkjubæjarskóla.”

Á grundvelli tillögu Fræðslunefndar er sveitarstjóra veitt heimild til að ganga frá ráðningarsamningi við Stellu Á. Kristjánsdóttur um skólastjórástöðu við Kirkjubæjarskóla, til eins árs.

Fundargerðin samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 51. fundur Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 30. maí 2006.
2. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. fyrir árið 2005, dags. 2. júní 2006.
3. 52. fundur Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 9. júní 2006.



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

IV. Annað kynningarefni.

1. Afrit af bréfi Umhverfiráðuneytis til Gísla Vigfússonar, dags. 2. júní 2006.
2. Bréf frá Fræðsluneti Suðurlands, ársskýrsla, dags. 6. júní 2006.
3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, boðun 20. landsþings, dags. 14. júní 2006.
4. Bréf frá Bændasamtökum Íslands, varðar búnaðarfélög.
5. Bréf frá Vegagerðinni, afgreiðsla umsókna til styrkvega 2006, dags. 20. júní 2006.

Fram kemur í bréfinu að Vegagerðin hefur úthlutað Skaftárhreppi kr. 2.200.000,- til endurbóta á vegum í Skaftárhreppi árið 2006.

V. Samþykkt fundargerðar / fundarslit.

Fundargerð lesin, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 20:35.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti

Alexander G. Alexandersson

Elín Heiða Valsdóttir

Sverrir Gíslason

Þorsteinn M. Kristinsson

Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri